

Ed.

755. Breytingartillögur

[212. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „trjálundum á jörðum sínum“ í 1. másl. komi: trjálundum á landi sínu.
2. Við 3. gr., b. (25. gr.). Upphaf a-liðar orðist svo: Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu o. s. frv.
3. Við 3. gr., c. (26. gr.). 1. mgr. orðist svo:
Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.
4. Við 3. gr. c. (26. gr.). Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.
5. Við 3. gr., d. (27. gr.). Í stað orðanna „enda endurgreiði landeigandi hinn upphaflega styrk“ í 3. mgr. og til loka mgr. komi: enda endurgreiði landeigandi $\frac{4}{5}$ af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.
6. Við 3. gr., e. (28. gr.). B-liður orðist svo: að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánnum til jarðkaupa hverju sinni.
7. Við 3. gr., f. (29. gr.). 2. másl. 1. mgr. orðist svo: Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.